

Mál nr. 232/2008

M og

Vátryggingafélagið V v. Málskostnaðartryggingar.

Krafa um greiðslu málskostnaðartryggingar vegna máls þingfestu þ. 15.1.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 31.10.2008. ásamt bréfi og fylgiskjöllum 1-5.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 480/08
3. Bréf V dags. 7.11.2008 ásamt fylgiskjöllum 1-2.

Málsatvik.

M höfðaði mál gegn fyrirtæki í Danmörku. M var stjórnarformaður í einkahlutafélagi sem hann stofnaði, átti hlut í og var um skeið framkvæmdastjóri fyrir. Fyrirtækið sem mál var höfðað gegn keypti hlut M en ágreiningur var um greiðslu kaupverðs hlutanna og starfslok M hjá einkahlutafélaginu. Málinu lauk með því að réttarsátt var gerð í málinu. M gerir kröfu til að fá greiddan kostnað vegna málsins úr réttaraðstoðartryggingu fjölskylduverndar hjá V. V hafnar bótaskyldu með vísan til b liðar 2. gr. Vátryggingaskilmála þar sem segir að vátryggingin taki ekki til ágreinings sem er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs.

Álit.

Réttarágreiningur í máli því sem M höfðaði gegn fyrirtæki í Danmörku snérist m.a. um kaupum og sölu á hlutabréfum, starfslok M og greiðslur eftir starfslok. Ekki verður því hægt að líta á málið með öðrum hætti en þeim að réttarágreiningurinn hafi verið í tengslum við atvinnu M í skilningi b liðar 2.gr skilmála vátryggingarinnar. M á því ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu fjölskylduverndar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu fjölskylduverndar hjá V.

Reykjavík 2.12. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.